

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 21. desember 1978

um skipaleiðsögn úthafsleiðsögumanna í Norðursjó og á Ermarsundi

(79/115/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 84. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er, vegna öryggis sjófarenda og til að koma í veg fyrir mengun sjávar, að tryggja að skip sem þurfa á leiðsögumönnum að halda við siglingar um Norðursjó og Ermarsund geti leitað til hæfra úthafsleiðsögumanna og stuðla að því að slíkir úthafsleiðsögumenn verði notaðir um borð í skipum sem skráð eru í aðildarríkjunum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þau aðildarríki sem liggja að Norðursjó og Ermarsundi skulu gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skipum, sem vilja notfæra sér þjónustu úthafsleiðsögumanna við siglingar um Norðursjó og Ermarsund, sé séð fyrir hæfum leiðsögumönnum á rúmsjó og hafa undir höndum vottorð frá lögbærum yfirvöldum í einu þessara aðildarríkja um að þeir séu hæfir til að annast leiðsögn skipa í Norðursjó og á Ermarsundi.

2. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að hvetja skip sem sigla undir þjóðfána þess til að leita einungis eftir þjónustu þeirra úthafsleiðsögumanna er hafa undir höndum vottorð það sem um getur í 1. mgr., eða samsvarandi vottorð gefið út af öðru aðildarríki við Norðursjó, þegar leitað er liðsinnis úthafsleiðsögumanna við siglingar um Norðursjó eða Ermarsund.

2. gr.

Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina ber aðildarríkjunum að setja þau lög og stjórnisýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1980. Þeim ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

Otto Graf LAMBSDORFF

forseti.